

## 180. fundur.

Fundur stjórnar SORPU b.s. haldinn í Álfsnesi, fimmtudaginn 30. maí 2002, kl. 10:30.  
Þetta er síðasti fundur stjórnar á þessu kjörtímabili.

**Mættir eru:** Inga Jóna Þórðardóttir, Auðunn Karlsson, Ragnhildur Helgadóttir, Þuríður Jónsdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Ingibjörg Hauksdóttir, Bryndís Þórðardóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og framkvæmdastjóri Ögmundur Einarsson. Gestir fundarins eru Guðmundur Gunnarsson og Sigurgeir Sigurðsson sem voru fulltrúar í stjórn Sorpu b.s. á fyrri hluta kjörtímabilsins.  
Deildarstjórar Sorpu b.s. Ásmundur Reykdal, Jón Ólafur Vilhjálmsson, Ragna I. Halldórsdóttir og Sigríður B. Einarsdóttir sátu fundinn.

**Tekið fyrir:**

1. **Þróunarverkefni.**  
Framkvæmdastjóri greinir frá bráðabirgða niðurstöðum í Pappil verkefninu og stöðu kolaverkefnis í samstarfi Sorpu b.s., Sagaplasts og Íslenska járnblendifélagsins.
2. **Bréf frá nefndarsviði Alþingis.**
  - a) Bréf dagsett 25. apríl 2002, þar sem beðið er um „Umsögn um frumvarp um meðhöndlun úrgangs“. Málið kynnt. Málinu frestað.
  - b) Bréf dagsett 2. maí 2002, þar sem beðið er um „Umsögn um þingsályktunatillögu um óhreyfð skip í höfnum og skipsflök“. Málið kynnt. Málinu frestað.
3. **Upprifjun verkefna stjórnar 1998 - 2002.**  
Framkvæmdastjóri rifjar upp helstu þætti í verkefnum stjórnar 1998 – 2002.
4. **Verkefnið framundan.**  
Framkvæmdastjóri kynnir framtíðar viðfangsefni Sorpu b.s.
5. **Önnur mál.**
  - a) Framkvæmdastjóri kynnir umsókn Sorpu b.s. til orkusjóðs til framkvæmda verkefna sem draga úr notkun jarðefna í eldsneyti.
  - b) Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðutölur rekstrar janúar – apríl 2002.

- c) Framkvæmdastjóri kynnir vísitöluhækkun gjaldskrár 1. júlí 2002.
- d) Formaður þakkar stjórn gott og ánægjulegt samstarf. Formaður færir fyrir hönd stjórnar starfsmönnum og framkvæmdastjóra kærar þakkir fyrir ánægjulegt og gjöfult samstarf.
- e) Framkvæmdastjóri þakkar hlý orð í garð starfsmanna og traust og gott samstarf. Framkvæmdastjóri færði stjórnarmönnum minjagrip, skál með táknum þeirra fjögurra fyrirtækja sem Sorpa b.s. rekur.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.  
Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Inga Jóna Þórðardóttir  
Ragnhildur Helgadóttir  
Auðunn Karlsson  
Ingibjörg Hauksdóttir  
Ögmundur Einarsson

Sigurrós Þorgrímsdóttir  
Þuríður Jónsdóttir  
Bryndís Þórðardóttir  
Guðný Halldórsdóttir